

Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

44. fundur Stjórnar BS bs. haldinn þriðjudaginn 12. nóvember 2019

kl. 08:15 í fundarsal BS bs. við Hringbraut 125 .

Mættir eru: Friðjón Einarsson, Birgir Örn Ólafsson, Andri Örn Viðisson, Trausti Arngrímsson, Haraldur Helgason, Jón Guðlaugsson slökkviliðsstjóri og Sigurður Skarphéðinsson varaslökkviliðsstjóri.

Dagskrá.

Formaður setur fundinn.

1. Staða framkvæmda við nýja slökkvistöð.
 - Jón fer yfir framgang byggingarframkvæmda við Flugvelli 29. Er límtré í bílasal komið og verður það sett upp á næstunni. Er verði að sparsla innandyrna og er vinna við pípulagnir og loftræslu langt komið. Framkvæmdir eru samkvæmt áætlun.
2. Fjárhagsáætlun.
 - Fjárhagsáætlun 2020 með skýringum lögð fram og *samþykkt*.

Skýringar með fjárhagsáætlun 2020.

1. Gert er ráð fyrir að ráðið verið í afleysingarstöður næsta sumar. Þróun útkalla síðustu ár hafa verið með þeim hætti að álag á starfseminna yfir sumarmánuðina hefur aukist mikið frá því sem áður var og er nú svo komið að sá slaki sem var í útköllum yfir sumartímamann er ekki lengur til staðar, þannig að ekki verður lengur vikist undan því að ráða inn sumarafleysingarfólk.
2. Enn er ekki búið að semja við slökkviliðsmenn og er nokkur óvissa um þá niðurstöðu og þá sérstaklega ef samið verður um styttingu vinnuviku vaktavinnufólks sem getur haft verulegan kostnaðarauka í för með sér, gert er ráð fyrir að kjarasamningar leiði til 5% launahækkunar og að sumarafleysing vegi 5%.
3. Næstu tvö ár verður greitt til Brúar lífeyrissjóðs, aukagreiðslur samkvæmr samkomulagi við Brú þar um dags 1.maí 2019.
4. Gert er ráð fyrir að B.S greiði fasteignargjöld af nýrri slökkvistöð á árinu sem er um 3% hækkun á framlögum aðildarsveitarfélaga. Þeir liðir sem sem farið er yfir hér að framan leiða til þeirrar hækkunar sem lagt er til í fjárhagsáætlun fyrir komandi ár.

3. Staða fjármála.

- Fjármál samkvæmt áætlun en launaliður stefnir örlítið yfir miðað við áætlun.

4. Skýrsla slökkviliðsstjóra.

- Slökkviliðsstjóri segir frá fundi sem hann og Friðjón áttu með stjórnendum Isavia vegna skýrslu frá Inspectionem og annara mála.
- Þann 1. desember verður ný þjónustumiðstöð í Vogum tekin í notkun og á sama tíma munum við opna starfsstöð BS.bs. Sú aðstaða sem okkur verður búin í þjónustumiðstöðinni er glæsileg og til mikillar fyrirmyndar.
- Við opnunina verðum við með tæki og mannskap, þar sem við kynnum okkar starf um leið og við sýnum þeim þann búnað sem við vinnum með.
- Þann 20. nóvember kl. 17:30 n.k verðum við með kynningarfund í Álfagerði. Á fundinum munum við kynna starfssemi B.S og fyrirspurnum svarað. Hugmyndin er að koma skilaboðum og upplýsingum um þá starfsemi sem BS verður með í Vogum beint og milliliðalaust til íbúa og í leiðinni að freista þess að fá til liðs við okkur nokkra áhugasamra einstaklinga.

5. Önnur mál.

- Stefnt er að því að færa allt bókhald og launabókhald ásamt öðru skrifstofuhaldi frá SSS til BS á næstu mánuðum. Er reiknað með 60 % starfhlutfalli í upphafi. Er ráðningin gerð í samstarfi með Vinnumálastofnun. *Stjórn samþykkir það samhljóða.*

Fundi slitið kl. 09:30